Íslandsmeistaramótið í Skeet sem halda átti á svæði okkar á Álfsnesi hefur verið flutt á velli Skotíþróttafélags Suðurlands. Dagsetning breytist ekki, 8.-10.ágúst 2025. Ástæðan er ákvæði í bráðabirgðastarfsleyfi sem gildir út árið 2025. Þar kveðið á um að aðeins sé leyfilegt að halda mót tvær helgar á árinu en ekki fjórar helgar einsog var í fyrra aðalstarfsleyfi. Félagið hefur sótt um undanþágu en gengur illa að fá lausn tímanlega. Þegar hafa verið haldin mót tvær helgar á árinu.ÂÂ Skráningarfrestur félaga á mótið rennur út á miðnætti n.k.sunnudag, 3.ágúst !